

— Brjef landshöfðingja til biskups um meðmæli sóknarmanna með umsækjanda 22
brauðs. — Hjer með sendi jeg yður, herra biskup, til þóknanlegrar ráðstafanar veitingar- 8. febr.
brjef, er jeg samkvæmt tillögum yðar hefi gefið út handa síra Guðjóni Hálfðánarsyni
fyrir Saurbæjarprestakalli í Eyjafirði, og vil jeg taka fram það, er nú segir, út af því, sem
þjer í brjefi frá 7. þ. m. segið um að fulltrúar Saurbæjar prestakalls, er til þess voru kosnir á
prestakallafundi, hafi komið til prófastsins í Eyjafjarðarsýslu og árangurslaust beðið
hann að sækja um brauðið, og þar eftir farið þess á leit, að þeim mætti veitast sú
tillátsssemi, að fá sjer senda skrá yfir umsækjendur, svo að þeir fengju færi á að mæla
fram með einum þeirra, með því að þeim sje mjög annt um, að prestur veljist vel
til sín.

Tillögur yðar, herra biskup, um að skipa prest í nefnt prestakall meðtók jeg
þegar 9. f. m., og frestaði jeg þá veitingunni til komu norðurlandspóstins, þar sem að
eins einn umsækjandi hafði gefið sig fram.. Með nefndu brjefi yðar kom nú eina
bónarbrjefið um þetta brauð, er nefndur póstur hafði flutt, og var það frá síra Stefáni
Jónssyni á Bergsstöðum, og get jeg ekki fundið nægilega ástæðu til að fresta veiting-
unni lengur bæði af ástæðum þeim, er þjer, herra biskup, takið fram, og af því að eins
2 hafa sent bónarbrjef um brauðið, og getur ekki verið vafi um, hvorn heldur eigi að
kjósa af þeim, og loksins af því, að það er áriðandi fyrir prestakall það, er losnar við
veitingu Saurbæjarbrauðs, að draga hana ekki um skör fram.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli. — Sam- 23
kvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 7. þ. m. vil jeg hjer með veita Gilsbakka 9. febr.
prestakalli 1500 kr. lán úr viðlagasjóði til að byggja timburkirkju á prestssetrinu og
með því skilyrði, að lánið ávaxtist og endurborgist með 6% árlega eða 90 kr. í 28 ár.

Þetta er hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutað-
eiganda.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til alpyðu- og barnaskóla. 24
— Með brjefi þessu sendi jeg yður bónarskjal með 3 fylgiskjölum frá prestinum á 11. febr.
Þingvöllum, þar sem hann fyrir hönd hlutaðeigandi skólanefndar sækir um, að skóla
þeim, er hann getur um og nefnist «unglingaskóli Þingvalla- og Grafnings-hreppa»,
verði styrkur veittur af landssjóði samkvæmt fjárlaganna 13. gr., B. V. b. eða c., eða
að nokkrum hluta eftir hvorum þessum staðið um sig. Um mál þetta skora jeg á
stiptsyfirvöldin að tjá mjer þóknanlegar tillögur sínar og senda mjer skjölin svo aptur.

Þetta er nú í fyrsta sinni, sem spurning er vakin um það, hvert einhvern skóla
sje rjettara að heimfæra undir staðið b. eða c. í fjárl. 13. gr., V.; og af því að það
mun framvegis fyrir koma, að úr hinni sömu spurningu þurfi að skera, er álíka fjár-
beiðslur koma fram, mundi það vera óskilegt að fast ákveðið yrði, hver skilyrði sett
skuli fyrir veitingu styrks eftir nefndum staðiðum fjárlaganna. Í þessu efni vil jeg
vísa til þingsályktunar þeirrar, er neðri deild alþingis samþykkti, og nefndarálits þess,
er getur um í þingsályktuninni, og er þingsályktunin prentuð í fyrra parti alþingistíð-
indanna á 318. bls., en nefndaráliðið á 223. bls. En meðal atriða þeirra, sem þar eru
fram tekin, vil jeg benda á það í fyrsta lagi, að skólar þeir, er þar um ræðir, eru ein-

8. dag marzm. 1882.

24 göngu, eða að minnsta kosti einkanlega, ætlaðir ungum mönnum, sem komnir eru yfir 11. febr. fermingaraldur; í öðru lagi, að skólarnir eiga að standa undir stjórn sýslunefndanna eða skólastjórnar, sem þær hafa kosið; í þriðja lagi, að tilsögn ber að veita í öllum þeim námsgreinum, sem nefndarálitid telur upp undir 1.—9. tölulið; og í fjórða lagi loksins að skólarnir eru ætlaðir stórum umdæmum, sem að miklu leyti falla saman við sýslurnar.

Að því er kemur til þess 2000 króna styrktarfjár, sem barnaskólum er ætlað árlega, er það tilgangur minn, að skipta þessum styrk fyrst um sinn í 200 króna upphæðir, þar til er það kemur í ljós, hvað margir barnaskólar sækja um hlutdeild í styrktarfje þessu.

Þar sem það skilyrði er sett í fjárlögunum fyrir veitingu landssjóðs-styrks eftir hvorum þessum staflíð fyrir sig, að skólar þeir, er hlut eiga að máli, njóti annars styrks, er að minnsta kosti nemi helmingi á móts við landssjóðs-styrkinn, þá er það vitaskuld, að þetta verður að skilja um styrk til skólahaldsins árlega, en ekki um framlög til skólahúss-reisingar, útbúnaðar þess o. s. frv., svo sem bónarbrjef það, er hjer um ræðir, virðist að gjöra ráð fyrir.

Jeg óska að stíptsyfirvöldin tjái mjer þóknanlegar tillögur sínar um málið í heild sinni, og mun jeg síðan gjöra út um beiðni þá, er hjer liggur fyrir.

25 — Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um göngu Barðastrandarpóstsins. — 13. febr. Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í þóknanlegu brjefi frá 11. þ. m. skal hjer með samþykkt breyting sú á göngu Barðastrandarpóstsins, að hann fari á vesturleið sinni frá Brjámslæk beint að Bíldudal, og snúi þaðan aptur að Brjámslæk og Bø um Vatneyri á Patreksfirði, og skal pósturinn dvelja sólarhring á þessum verzlunarstað í hvert skipti.

Breyting þessi öðlast gildi í þeirri póstferð, er samkvæmt auglýsingu frá 29. apríl 1881 á að hefja frá Reykjavík til Ísafjarðar 8. maí þ. á.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

26 — Brjef landshöfðingja til biskups um að leggja niður kirkju. — 13. febr. Sóknarnefndin í Krossholts-kirkjusókn hefir sótt um það og hjeradsfundur Snæfellsness- og Hnappadals-prófastsdæmis í einu hljóði samþykkt, að Krossholtskirkja verði niður lögð, og hafið þjer, herra biskup, í brjefi 10. þ. m. lagt það til, að jeg staðfesti samþykkt þessa. Samkvæmt 4. gr. laga 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla veiti jeg því nú leyfi til:

1. að Krossholtskirkja verði lögð niður, þó með því skilyrði, að eigandi hennar setji fyrst veð fyrir greiðslu prestsmötu þeirrar til sóknarprests Hítarnesþinga, sem á kirkju-eigninni hvílir;
2. að af böjum þeim, er hingað til hafa heyrt undir Krossholts-sókn, verði bæirnir sunnan Hítará: Skiphylur, Einholt og Litli-Kálfalækur, lagðir til Akarakirkju; en bæirnir utan Hítará: Hítárnes, Krossholt, Jörvi, Flesjustaðir og Brúarhraun, lagðir til Kolbeinsstaðakirkju;
3. að sjóður Krossholtskirkju, ásamt andvirði kirkjuhússins og þess ornamentis og